


Hljómfræði F3

Hljómfræði F3 er þriðji áfangi af fjórum í hljómfræði til framhaldsprófs. Til þess að mega taka hann verða nemendur áður að hafa lokið Hljómfræði F2. Að áfanganum loknum er ætlast til þess að nemendur séu tilbúnir að takast á við Hljómfræði F4.

Námsefni:

Hljómamál: kennslubók í hljómfræði eftir Atla Ingólfsson

Bókin fæst í Vaski.



Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Hljómfræði F3.

Hljómfræðiatríði

Nemandi

- þekki muninn á díatóník og krómatík.
- þekki eftirfarandi hljómfræðiatríði og geti nýtt þau við hljómsetningu einfaldra laga, greiningu og gerð hljómaraða:
 - hinar fjórar gerðir þríhljóma.
 - frumhljóm (grunnhljóm), undirforhljóm, forhljóm og leiðsöguhljóm.
 - alla þríhljóma, í öllum hljómhvörfum, jafnt í dúr og moll.
 - minnkaða hljóma og lausn þeirra.
 - alla sjöundarhljóma, í öllum hljómhvörfum, jafnt í dúr og moll og lausnir þeirra.
 - aukatóntegundir og tóntegundaskipti upp og niður eitt formerki og milli sammarka tóntegunda.
 - helstu gerðir niðurlaga, þ.e. fullkominn-, ófullkominn-, fullgerðan- og ófullgerðan aðalendi; hálfendi; gabbendi og kirkjuendi.
 - helstu raddfærslureglur í dúr og moll.
 - tengitóna, skiptitóna og biðtóna.
- hafi vald á ofangreindum þekkingaratriðum í hljómrænu díatónísku samhengi og geti beitt þeim í fjögurra radda skrifum.
- geti samið hljómagang með fjölbreyttum hljómskiptum, góðri lagrænni hreyfingu sóprans og bassa og viðeigandi endum.
- þekki helstu möguleika undirbúnings- og lausnarhljóma í algengum hljómferlum.
- hafi öðlast þjálfun í hljómgreiningu fjölbreyttra dæma úr tónbókmenntunum, með sérstakri áherslu á hljómsetningar J.S. Bach á sálmalögum.